# Viðtalsþættir vegna mats á hæfi vátryggingamiðlara

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlitið) metur hæfi einstaklings með starfsleyfi sem vátryggingamiðlari og framkvæmdastjóra og stjórnarmanna lögaðila með starfsleyfi sem vátryggingamiðlari í samræmi við ákvæði laga nr. 62/2019 um dreifingu vátrygginga.

Í viðtali kannar Fjármálaeftirlitið þekkingu, skilning og viðhorf aðila varðandi helstu efni sem tengjast hlutverki hans og ábyrgð og byggir mat sitt á hæfi viðkomandi m.a. á upplýsingum sem þar koma fram.

Til glöggvunar á umfangi viðtals þá má þar helst nefna viðtalsþætti er varða helstu lög og reglur sem tengjast dreifingu vátrygginga, hvað felst í dreifingu vátrygginga, þær kröfur sem gerðar eru til vátryggingamiðlara og starfsemi hans og starfsmanna ásamt þáttum er varða eftirlit með vátryggingamiðlurum.

Í viðauka má finna leslista sem unnt er að styðjast við, við undirbúning viðtalsins.

VIÐAUKI I

*Leslisti*

- Lög nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi
- Lög nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi
- Lög nr. 30/2004, um vátryggingarsamninga
- Lög nr. 3/2006, um ársreikninga
- Lög nr. 100/2016, um vátryggingastarfsemi
- Lög nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka
    - Reglugerð nr. 745/2019, um áreiðanleikakönnun vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka
- Lög nr. 62/2019, um dreifingu vátrygginga, ásamt:
    - Reglugerð nr. 590/2005, um fjárvörslureikninga vátryggingamiðlara og vátryggingaumboðsmanna
    - Reglur nr. 1362/2019, um framkvæmd hæfismats stjórnarmanna og framkvæmdastjóra vátryggingamiðlara og einstaklinga með starfsleyfi sem vátryggingamiðlarar.

*Ítarefni*

Reglugerðir, reglur, viðmiðunarreglur og leiðbeinandi tilmæli er fylgja eftirfarandi lagabálkum:

- Viðeigandi lög, reglugerðir og reglur sem gilda um starfsemina auk leiðbeinandi tilmæla fjármálaeftirlitsins og viðeigandi EES-viðmiðunarreglna sem finna má á heimasíðu fjármálaeftirlitsins
- Spurt og svarað/túlkanir og gagnsæistilkynningar á heimasíðu fjármálaeftirlitsins
- Siðfræði og samfélagsábyrgð eftir Øyvind Kvalnes
- Lög nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Uppfært 18. maí 2022